

# STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1994

---

22. mars 1994

523

Nr. 162

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. nóvember 1993 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980 - 2000 frá 8. desember 1982 með síðari breytingu frá 2. janúar 1992.

Breytingar varða svæðið Setberg-Mosahlíð og eru eftirfarandi:

- 1) Fallið er frá því að á suðvestur hluta svæðisins komi sérhæfðar íbúðir fyrir aldraða. Þess í stað haldist núverandi búseta og við bætist almennt íbúðarsvæði.
- 2) Norðurendi fyrirhugaðrar safngötu yfir Stekkjarhraun breytist og tengist nú Hamrabergi/Hlíðarbergi um hringtorg.
- 3) Land Setbergsskóla stækkar en land fyrir verslun og þjónustu minnkar að sama skapi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

22. mars 1994

Nr. 163

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á legu Ásvegar í Djúpárhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest legu Ásvegar í Djúpárhreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*